

Félagslegir trúnaðarmenn Kennarasambands Íslands og öryggistrúnaðarmenn



Upplýsingar um hlutverk, réttindi og skyldur

	Félagslegur trúnaðarmaður	Öryggistrúnaðarmaður
Stéttarfélagsaðild	Skal vera félagsmaður KÍ.	Getur verið hvaða starfsmaður sem er á vinnustað fyrir utan stjórnendur.
Kosning	<p>Er kosinn af félagsmönnum KÍ á vinnustaðnum. Ef félagsmenn á vinnustað tilheyra fleiri en einu aðildarfélagi KÍ kjósa þeir sem tilheyra sama aðildarfélagi sér sinn félagslegan trúnaðarmann.</p> <p>Hjá FS, FSL og SÍ gildir þó:</p> <ul style="list-style-type: none">Félagsmenn í Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) kjósa sér ekki félagslega trúnaðarmenn.Aðalmenn í samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla (FSL) eru trúnaðarmenn leikskólastjóra. Félagsmenn FSL geta valið sér þann fulltrúa í nefndinni sem þeir vilja að sé sinn trúnaðarmaður.Formenn svæðafélaga Skólustjórafélags Íslands (SÍ) eru trúnaðarmenn grunnskólastjóra á hverju svæði. <p>Ef félagsmenn á vinnustað eru 5 til 49 skal kjósa einn félagslegan trúnaðarmann en tvo ef félagsmenn eru 50 eða fleiri.</p> <p>Ef félagsmenn eru færri en 5 á vinnustað geta þeir skráð tengilið hjá KÍ til að fá sendar upplýsingar o.þ.h. ¹</p> <p>Kjörtímabil félagslegs trúnaðarmanns er tvö ár. Nauðsynlegt að tilkynna kjörið til yfirmanns og stéttarfélags á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á vef KÍ, www.ki.is.</p>	<p>Er kosinn af öllum starfsmönnum á vinnustaðnum nema stjórnendum, óháð stéttarfélagi, að jafnaði til tveggja ára. Kosning skal fara fram með skriflegri atkvæðagreiðslu.</p> <p>Ef starfsmenn eru færri en tíu skal atvinnurekandi stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað í samstarfi við starfsmenn og félagslegan trúnaðarmann.</p> <p>Þar sem starfsmenn eru tíu eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna af sinni hálfu einn öryggisvörð og starfsmenn skulu kjósa einn öryggis-trúnaðarmann.</p> <p>Þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa tvo öryggistrúnaðarmenn og stjórnendur tilnefna tvo öryggisverði.</p> <p>Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirlitinu um tilnefningu öryggisvarða og kosningu öryggistrúnaðarmanna.</p> <p>Þeir sem undirbúa kosningu öryggistrúnaðarmanna skulu tilkynna stjórn viðkomandi stéttarfélags um kosninguna.</p>
Störf	Vinnur fyrir félagsmenn síns aðildarfélags KÍ á vinnustaðnum.	Vinnur fyrir alla starfsmenn á vinnustaðnum.

¹ Tengiliðir sinna að hluta til verkefnum trúnaðarmanna, s.s. að koma upplýsingum á framfæri, en þeir lúta ekki lögum eða öðru sem varðar réttindi eða skyldur félagslegra trúnaðarmanna. Tengiliðir þurfa samþykki yfirmanns á vinnustað til að sinna verkefnum sínum.

	Félagslegur trúnaðarmaður	Öryggistrúnaðarmaður
Helstu hlutverk ²	<p>Er tengiliður KÍ og vinnustaðar.</p> <p>Fylgist með að farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga og að réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur á vinnustaðnum, einkum orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhættir.</p> <p>Yfirmanni ber að gefa trúnaðarmanni upplýsingar ef staða losnar á vinnustaðnum eða ef ráðgert er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfið (skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986). Í þessu felst upplýsingaskylda yfirmanna til trúnaðarmanna og mikilvægt hlutverk trúnaðarmanna í eftirliti með framkvæmd laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.</p> <p>Skal sjá um undirbúning og framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanna skv. reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.</p> <p>Sér um atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna á vinnustað, s.s. um kjarasamninga og boðun verkfalls.</p> <p>Kemur fræðslu, kynningarefni og skilaboðum á framfæri við félagsmenn á vinnustaðnum.</p> <p>Veitir upplýsingar um kjarasamninga, réttindi og skyldur. Aðstoðar félagsmenn við að koma málum í réttan farveg.</p> <p>Vísar ágreiningsmálum og málum sem ekki hljóta úrlausn innan vinnustaðarins til stéttarfélagsins.</p>	<p>Tekur þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað (skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006).</p> <p>Í því felst þátttaka í gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd þar sem meðal annars kemur fram áætlun um forvarnir.</p> <p>Auk þess skal öryggistrúnaðarmaður, ásamt öryggisverði, fara í eftirlitsferðir um vinnustaðinn svo oft sem þurfa þykir og sérstaklega gæta þess að:</p> <p>a) vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu,</p> <p>b) öryggisbúnaður og persónuhlífar séu til staðar í góðu ástandi eins og til er ætlast og að starfsmenn noti þann búnað eða hlífar sem eru til staðar,</p> <p>c) ekki viðgangist ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi á vinnustaðnum,</p> <p>d) starfsmönnum sé kynnt sú áhætta sem er á vinnustaðnum að því er varðar öryggi þeirra og heilsu,</p> <p>e) vinnuslys, óhöpp og atvinnusjúkdómar séu skráð,</p> <p>f) starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun,</p> <p>g) til sé neyðaráætlun,</p> <p>h) leitað sé eftir umsagnar Vinnueftirlits ríkisins ef umtalsverðar breytingar eru gerðar hjá fyrirtækinu.</p>

² Listinn er ekki tæmandi því í sumum tilfellum felur aðildarfélag trúnaðarmönnum einnig önnur verkefni, skv. kjarasamningum og þeim lögum og reglum sem gilda um viðkomandi skólastig.

	Félagslegur trúnaðarmaður	Öryggistrúnaðarmaður
<i>(Frh. af helstu hlutverk)</i>	Er áheyrandi í starfsmannasamtöllum ef viðkomandi kennari og/eða skólastjórnandi óskar eftir því sem „hlutlaus þriðji aðili“. Mjög mikilvægt er að trúnaðarmaður sé viðstaddur samtali ef áminning eða uppsögn er í uppsiglingu.	
Réttindi	Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs. Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni (skv. lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938).	Óheimilt er að segja öryggis-trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess. Ef atvinnurekandi þarf að fækka við sig starfsmönnum skal trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni (skv. lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938).
Vinnuaðstæður	Á vinnustaðnum skal trúnaðarmanni veitt aðstaða til þess m.a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o.s.frv. (sbr. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986).	Atvinnurekandi skal sjá til þess að öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið til þess að gegna skyldum sínum. Atvinnurekandi skal veita þeim fyrirfram og tímanlega hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum og sjá til þess að þeir geti komið sjónarmiðum á framfæri varðandi framkvæmd vinnuverndarstarfsins. Öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum skal skýrt frá öllum vinnuslysum, óhöppum og atvinnusjúkdómum sem eiga sér stað í fyrirtækinu. Enn fremur skulu þeim kynntar mælingar og rannsóknir á hollustuháttum og öryggi og skýrt frá þeim bilunum eða aðstæðum sem upp koma og þýðingu geta haft fyrir aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Þá skal kynna þeim ábendingar og fyrirmæli Vinnueftirlitsins sem varða fyrirtækið (skv. reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006).

	Félagslegur trúnaðarmaður	Öryggistrúnaðarmaður
Fjarvera vegna trúnaðarstarfa	<p>Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni. Í öllum tilvikum skal tilkynna yfirmanni stofnunar með eðlilegum fyrirvara um slíkar fjarvistir (skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986).</p> <p>Trúnaðarmönnum er heimilt að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum stéttarfélagsins í allt að eina viku einu sinni á ári án skerðingar á reglubundnum launum (skv. samkomulagi fjármálaráðherra og BHM/aðildarféлага og samkomulagi menntamálaráðherra og KÍ, frá 1989).</p>	<p>Í reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, nr. 920/2006, V. kafla. 19. gr. kemur fram:</p> <p>„Atvinnurekandi skal sjá til þess að öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið til þess að gegna skyldum sínum“.</p> <p>Þetta hefur verið túlkað þannig að menn eigi rétt á að vinna þessi störf í vinnutíma.</p>
Fræðsla og þjálfun	<p>Kennarasamband Íslands og viðkomandi aðildarfélag sjá um upplýsingagjöf, fræðslu og stuðning fyrir félagslega trúnaðarmenn KÍ.</p>	<p>Atvinnurekandi skal sjá um að öryggistrúnaðarmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun með því að sækja námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Atvinnurekandi skal greiða kostnað við þjálfun og skal þjálfunin fara fram á vinnutíma (skv. reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum).</p> <p>Vinnueftirlitið heldur slík námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn.</p>
Verkferli	<p>Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda.</p> <p>Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.</p>	<p>Öryggistrúnaðarmenn vinna að vinnuverndarmálum en ekki kjaramálum. Vinnuverndin fjallar um allt sem snýr að öryggi og heilbrigði starfsmanna. Vinnuumhverfið er allt hér undir svo og samskipti og vellíðan starfsmanna.</p>

	Félagslegur trúnaðarmaður	Öryggistrúnaðarmaður
(Frh. af verkferli)	<p>Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi er í hlut á skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið.</p> <p>Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram (skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986).</p>	

Gott að hafa í huga

Trúnaðarmaður ber ekki ábyrgð á framkvæmd vinnuverndarstarfs

- Hann tekur þátt í skipulagi og framkvæmd vinnuverndarstarfs eins og öðrum starfsmönnum er einnig skylt að gera.
- Atvinnurekandi ber ábyrgð á að koma vinnuverndarstarfinu á, framkvæmd þess og eftirfylgni.

Trúnaðarmaður er ekki dómari

- Hann hlustar, miðlar upplýsingum og aðstoðar viðkomandi við að leita úrlausnar.
- Hann er hlutlaus þriðji aðili.

Trúnaðarmaður á hvorki að vita allt né geta svarað öllu strax

- Hann aflar upplýsinga til að gefa svör og/eða vísar viðkomandi á þann sem getur gefið svör.

Trúnaðarmaður starfar ekki einn

- Hann vinnur í samstarfi við yfirmenn, samstarfsmenn, aðra trúnaðarmenn og öryggisverði. Félagslegur trúnaðarmaður starfar einnig með formönnum og starfsmönnum KÍ.
- Hver og einn sinnir trúnaðarmannastarfinu eftir bestu getu.